





III ÁRGANGUR.

WINNIPEG, MANITOBA,

10. FEBRÚAR 1920

NR. 3

Almennar fréttir.

Afarkíll veikindi ganga í Winnipeg. Inflúenzan er mögnuð. Aust, en auk þess eru fjöldamargir veikir á skarlátstótt og barnaveiki. Fáeinir hafa veikst af bólusótt. Inflúenzan og spanska sýkin eru svo líkar, að varfærni á því veldi, hvor þeirra það sé, sem fólkið er veikt af. En eitt er víst og það er það, að sérstakrar varfærni þarf að gæta; einkum vegna þess að veirid er mjög óheilmætt; reglulegt vorveður.

Bandamenn hafa krafist þess að leiddogar Þjóðverja í stríðinu, bæði sjálfir keisarinn og aðrir séu fram seldir til rannsóknar og dóm. Þjóðverjar neita því harðlega; segja þeir að engin lög né skilferð, isreglur geti neytt til slíks, nema með því móti að leiddogar stríðsins frá öllum hinum löndum séu rannsakadír einnig — og að rannsóknin fari fram í hlutlausu landi undir handleiðslu hlutlausra manna. Vér sjáum ekki betur en að þetta sé saugjarn. Saklausir menn þurfa aldrei að óttast samgjarna rannsókn og oss finst að bandamenn ættu blátt áfram að krefjast allsherjar rannsókna fyrir óháðum dómstóli, til þess að ritarar veraldarsögunnar gætu vitnað til ákveðins dóm og óhlutdæms, þegar þeir sýna hverjir sekir voru um uppótt stríðsins og hverjir saklausir.

Afskapa veður var í New York 5. þ. m. Stórhíð og hörkufrost. Var snjófallið svo mikið að 4000 manns þurfti til þess að halda götunum svo opnum að um þær yndi komist. Spornvagnar stóðu fastir þar sem þeir voru komnir og allar járnbrautalestir voru langt á eftir tíma. Veðrið náði yfir all New York ríki, New Jersey, Pennsylvanía og Delaware. Með þessari fannfergu var svo mikið stórvíðri að ekki var stætt og muna elztu menn tæplega eftir öðru eins.

Mikið gengur á í Bandaríkjunum að því er snertir undirbúning undir næstu kosningar. Á fimtugadaginn var haldið allsherjarþing sýrveldiskvænna í ríkinu Iowa og ákveðið að konur skyldu taka hlutfélaglaust þátt í kosningunum.

Verið er að greiða atkvæði um það í Holstein og Slésvík hvort þjóðin í þeim héruðum vilji framvegis vera undir þýzkri eða danskri stjórn, og er sagður eðlunmikið hitti í sambandi við atkvæðagreiðsluna. Þjóðverjar hafa stjórn að þar í 55 ár en líklegt er talið að fólkið verði í meiri hluta með danskri stjórn. Þó er þess að gæta.

ad Þjóðverjar standa þar að einu leyti betur að vígi; er sagt að þeir geti komið inn í fylkin með 9000 atkvæði en Danir ekki nema 2000. Það er því samkonar hjálp sem kom 1000 mannanefndarfulltrúum um að í Winnipeg, sem heldur Holstein og Slésvík við Þýskalanda, ef þau losna ekki — það eru að komu atkvæðin.

Foreldrar 8 barna í Ontario höfðu yfirgefið heimilið og bæði farið til Toronto til þess að vinna þar sitt í h-oru lagi. Elzta barnið var 19 ára og voru þau illa leikin af hungri og kulda þegar nigrannar komu og vissu hvernig ástætt var. Foreldrar höfðu verið allleggi í bættu áður en þeir voru lístir. Þeir höfðu komið frá nokkrum sinnum sýngva ferð. Þýnir þá að þau hafi ekki hugað sér að yfirgefa heimilið með öllu. Í fjösinu voru nokkrar skepnur; voru nautgripir þar dauðir úr þorsta og hungri, en svínin áttu skrokkana. Hevrs konar þrjáseði hefir komið yfir foreldra barnanna, vita menn ekki; þau hafa verið tekið föst og bidda rannsóknar.

Börn voru að leika sér á ís á vatni sem Shush Lake heitir skammt frá Ansley Arm, fyrra sunnudag; var þar á meðal þeirra 12 ára gamall piltur, ísinn brotnaði undan honum og þrjú systkini hans 14, 11, og 9 ára gömul reyndu að bjarga honum. Þau druknuðu öll, en pilturinn komst af. Móðir barnanna heitir frá Fordham og er ekkja.

T. A. Hunt bjarlögmaður, hefir sagt af sér, en talið er víst að Jules Prudhomme verði skipaður bjarlögmaður í staðinn hans.

Peningaskiftin milli Canada og Bandaríkjanna eru orðin svo alvarleg fyrir Canada, að ráðgjert er að hætta öllum kaupum þar syðra að svo miklu leyti sem mögulegt er; kaup þar ekkert nema hlífð allra nauðsynlegasta. Enska pundid fór niður í \$3.33 í vikunni sem leið og Canadíski dalurinn niður í 82 cents.

Þýðingermikið mál hefir staðið yfir í fimt ár milli bónda skamt frá snáðunum Cowley í Alberta og völduðs auðfélags. Uppspretta er á landi bóndans, en auðfélagið hvað bændur hafa rétt til uppspretta um mótubágu og jafnvel svik með vitorði stjórnarinnar, í sambandi við vinnbannslögin; en þegar hann hefði komist að því, þá hefði honum verið skotið undan til Frakklands. Þetta kom upp í þingi og hefir dómsmálstjórn

ar uppspretta heyrdu til því opinbera samkvæmt vatnaðveittulögunum. Málið fór fyrir alla rétti og stóð yfir í fimt ár. Bóndinn vann; það samnaðist að í eignaþreum sem út voru gefin fyrir árið 1908 er það ekki tekið fram að uppspretta tilheyrir honum opinbera en 1908 var því bætt inn í lögin. Allir sem fengu land fyrir 1908 eiga því uppspretta þær sem kunnig að vera á löndum þeirra. Bóndinn seldi uppspretta landi sínu þegar málinu var lokið og fékk fyrir hana \$5000.

Ákveðið hefir verið að byggja alment minnismerki um stríðið hér í Canada; er ákveðið að það verði safnlaus með allskonar minningum og listaverkum. Húsið á að verða í Ottawa og verða byggingameistarar í Canada látnir gera tilhöf sem upprættir fylgi. Nefnd hefir verið útnefnd til þess að hafa þetta mál með höndum og er hún öll frá þessum félögum: Hermann félaginu, konungleiga félaginu í Canada og konungleiga byggingameistarafélaginu í Canada, konungleiga mentafélaginu í Canada; og ennfremur er í nefndinni formaður listanefndarinnar í Canada.

Elzti háskóli í Canada braun til kaldra kola 5. þ. m. Það var Kings College í Windsor í Ontario. Þessi skóli var stofnaður 1701 og var honum veitt stofnskrá af George konungi III árið 1802.

MANITOBAÞINGID

Þar hefir mestur tíminn farið í það að svara hinu svonefndu hásettisræðu. Stjórnin hefir lofað sjálfa sig á hvert reipi og allir heimar fylgjendur sagt ja og amen, en andstæðingar hennar hafa farið í aðra átt, sem ódilegt var. Í eigin augum hefir Norrissetjórnin verið framkvæmdamesta, ráðvanda og guðdómlegasta stjórn sem forsjónin hefir sent þessari þjóð í augum hinna hefir Norrissetjórnin verið framkvæmdamesta, eyðslusasta, svikulasta, heimskasta ílegasta stjórn sem ógæfan hefir hegt með öðrum þessum fylkis. Sjálfstætt má draga nokkuð frá staðhefingum beggja en það að stjórnin hafi brugðist hinum miklu vonum sem tíj hennar voru börnar, um það er tæplega hægt að deila með samgírni.

Vinnbannslögin hafa allmikið verið redd og það borið á stjórnina, að hún hafi slæga litið eftir þeim því var haldið fram, að White, sem er einn aðsti embættismaður stjórnarinnar í þeirri deild, hefði verið uppvís að, eða verið grumaður um mótubágu og jafnvel svik með vitorði stjórnarinnar, í sambandi við vinnbannslögin; en þegar hann hefði komist að því, þá hefði honum verið skotið undan til Frakklands. Þetta kom upp í þingi og hefir dómsmálstjórn

inn jafnaði að White hafi farið til Frakklands. Hann hafi beðið um fri, en ekki fengið það sakir vissra orsaka (sem hann ekki nefndi), en þá hefði hann tekið sér fri leyfslaus og arið til Frakklands. Að sjálfsgöðu átti dómsmáladeildin að láta rannsaká málið og mundi ekki hafa staðið á því ef verka? menn hefðu átt í hlut.

Nú er það helzt uppi á teningum um að stjórnin taki að sér sjálf áfengissölu til lyfja og annara nota sem bannlögin vantanlegu kunna að leyfa, og er talið líklegt að atkvæði verði greidd um vinnbann hér í fylki í sumar. En einkennilegt er það, að Norrissetjórnin ætlar að bjóða Bordenstjórnina að stjórna þeirri atkvæðagreiðslu, í stað þess að gera það sjálf, eða bannig skýra blöðin frá, og er það ósamilegt ef satt er. En hvernig sem því er varið, þá er það víst, að bannmönnum er vissara að safna liði nú þegar og vera við öllu búar því óvinnir vorir munu ekki láta slítt eftir ljagja í þessari óslitaháð.

BRETAR RÁÐLEGGJA PÓL-VERJUM AÐ SEMJA FRÍÐ VIÐ RÚSSA

Lundúnaborg 5. febr. 1920. Pólverjum hefir verið ráðlagt það (af Breium) að semja eins samgjarnan fríð við Bolshévíkistjórnina á Rússlandi og þeim sé mögulegt eftir því sem embættismenn í utanríkisdeildinni sögu á eigin ábyrgð í dag. Stór-Bretar hafa tilkynnt pólsku stjórninni eftir því sem embættismennirnir segja, að þeir geti ekki veitt frekari hrnaðar né fjármálaauðstöð þeim þjóðum sem berjast á móti þeir Bolshévika.

HLUTDRÆGNI

Eins og getið var í Voröð nýlega, skipaði Manitobastjórnin 15 mannanefnd til þess að miðla mál milli verkamanna og verkveitenda. Hefði sú nefnd að sjálfsgöðu annaðhvort átt að vera skipuð jafnmörgum frá báðum hlöðum með óháðum oddamanni sem bæði ir kemu sér saman um eða hlutfallslega fjölmenn eftir fjölda verkveitenda og verkamanna. Síðari aðferðin hefði tæplega verið samgjörð vegna þess að þá hefðu verkveitendur kki átt rétt á fleiri um einum manni gegn fjórtán frá verkamönnum. Fyrrri aðferðin var sjálfsgöð að öllu fluguðu. En hvað skeður? "Stjórn fólksins" skipaði 5 menn í nefndina þingi og hefir dómsmálstjórn

hópi þingmanna (alla verkveitverkamönnum. Svo langt fór "stjórn fólksins" í hlutdræguinu að hún gekk framhjá hinum einu fluttrúa sem verkamenn eiga á þingi þegar hún útnefnir sex menn úr þinginu. Var það auðjállega gert til þess að láta auðvaldið hafa bæði tögl og hagldir. Þetta athæfi Norrísar er hið mesta gjöræði.

Voröð hefir skýrt frá kosningu Victors Bergers til þingsetu fyrir Milwaukee. Vér höfum skýrt frá öllum þeim svavirðingum sem frammi voru hafðar gagnvart þessum manni. Nú eru auðvöldin í Bandaríkjunum að reyna að fá hann dæmdan til langrar fangelsisvistar vegna þess að hann muni halda áfram að reyna að komast á þing og ef honum hepnist það, þá verði hann þar hattulegur maður — hattulegur fyrir auðvald Bandaríkjanna.

Atta ára gamall piltur sem heitir Henry Seisa ferðaðist nýlega alla leið frá Glóche í Alberta til Chicago fylgdarlaus. Móðir hans er í Chicago. Seisa kom til Winnipeg á föstudaginn. Hann hefir spjald saumað við yfirhöfna sína þar sem á er ritað nafn hans, hvaðan hann komi og hvert hann ætli.

Ákveðið hefir verið að kalla allsherjar fulltrúabing í Svisslandi innan skamms til þess að ræða og Englendi.

samþykkja samninga við Bolshévíkistjórnina á Rússlandi. Fulltrúar verða þar frá öllum hlutlausum löndum og Bandaríkjunum að minsta kosti.

Fylkisstjórnin bauð konungsyninum heim tvisvar þegar hann var hér á ferðinni og hefir hann sent Manitobastjórninni reikning fyrir það sem nemur \$18,000 (átján þúsund dölum). Annan reikning hefir hann sent stjórninni fyrir viðgerð á húsinu sínu; sá reikningur nemur \$17,300 (seytján þúsund og þrjú hundruð dölum).

Fylkisstjórnin í Manitoba hefir í undirbúningi lög sem eiga að lýsa öll samhygðarverkföll ólögleg og alla þá menn sem taka þátt í þeim.

ISLAND.

Sagt er að Einar Arnórsson fyrirverandi ráðherra muni taka áttur við lagakenlu við háskólann.

Thor Jensen kaupmaður gaf 15,000 kr. til úthlutunar meðal fátækra fyrir jólin.

Séra Þorvaldur Jakobsson í Sauðlauksdal hefir fengið lausn frá em bætti og talið líklegt að hann flytji til Reykjavíkur.

Vísir segir að Íslendingar eigi ellefu botnvörpunga í smíðum í innan skamms til þess að ræða og Englendi.

Svanarröddin heima

Að nokkru leyti stælt eftir kvæðinu: "Lóan heima"

Eg leitað hefi um lífsins bract,
að ljúfri kyrd og fríð;
en hlýtt þó einatt hættu og þraut,
unz hnigur sól að víði.
Þótt hálfa eigi eg æflid
um önnur lönd — að sveima —
en enginn dýrri söng mér seid,
en svanarröddin heima.

Þá ungur lífs um auðnu hag,
þig er svo ljúft að dreyma,
þú gírnist frægð og gleðibrag,
en gálast máttu ei sveima.
Om sumars blítt við sólarlag
er svífur blær um geima;
þá sælla enginn söng mér lag
en Svanarröddin heima.

Of þessi lífsins ljúfa rödd,
hún lýsir foldarbornum,
í árdag var af uppheim kvödd,
að una sér á tjörnum
og syngja guðsins sólarljóð,
um sælu ljóssins geima;
um árdagsris og geislaglööð,
og goðaskrautid heima.

Vér heyrum ei það ljúflingslag,
sem líður um aðri heima,
en óskum seinna að sjá þann dag,
er sífellt gjörum dreyma.
"En nóttum heims og háttabrag,
eg helzt vil aldrei gleyma."
Það hjálpar tíl að hugdment lag
um hjörtun náí að streyma.

Á sviphýr blóm hér sól guðs skín,
þau sindra í aftanroða,
en fagran se og fjallsýn,
eg fæ hér ekki að skoða.
Á létum vangjum fuglajaföld,
þeir fljúga um bláa geima;
en svanarrödd um sumarkvöld,
hún syngur lofgjörð heima.

En hvar er staður guðs í geim,
að ganga skyldi miður?
ef hart er unnið höndum tveim,
og heill og göfgr styður?
Of inst í heim, við úthafs rönd
má ilur lífsins streyma.
Því drottinn alheims bindur bönd,
sem batt hann hjá oss heima.

—Adsent—

Fatnaður og yfirhafnir

PER SPARIÐ \$10.00 A FATNAÐIÐUM YÐAR OG YFIR
HÖFNUNUM, MEÐ því AÐ KAUPA ÞAÐ Í BÚÐINI
UPPI Á LOFTI, MEÐ VERÐINU SEM ÞAR ER.



Robinsons Clothes Shops, Ltd.

264 Portage Av. Yppi yfir 5-10-15 centa báðinn

Lífid í Glöðunum.

þegar linnir pólið manns
þrám að sinna og vonum,
Lífir innri eldur hans
Enn í minningunum.

Föðurland hvar sem gott var að vera

Bein þín lest hvort hlýtur hér
Heima' eða gestur þerra,
Hvar sem mest var þörf á þér
Þar var bert að vera.

1920

Stephan G.

Voröld

Kannur út á hverjum þriðjungi og fimtungi.
Stofendur og eignendur: The World Publishing Co., Ltd.
Voröld kostar 36.00 um árið í Canada, Bandaríkjunum
og á Íslandi. (Borgist fyrirkomulag.)

Hilistjóri:—Sig. Jón Jóhannsson
Ráðgjafi:—Victor B. Anderson

Skrifstofa: 637 Brompton Avenue
Talsmi Garry 4242

2

BÆNDUR OG VERKAMENN.

BLEKKINGATILRAUNIR AÐVALDSINS.
HINN SVOKALLAÐI MILLIFLOKKUR.

Eins og lesendur Voraldar vita, stendur yfir hörð barátta milli aðvalds og alþýðu. Þegar um þessa tvo flokka er talað, reyna aðvaldsfólk að telja lesendum sínum trú um, að fólkid sem berst gegn ofbeldinu, séu ekki nema verkamenn í þarjum og borgum; tólin halda því fram, að bændurnir séu nokkurskonar milliflokkur, sem standi miklu nær vinnuveitendum og peningakóngum en verkafóðnum. Í gömlu löndunum hefir þetta, því miður, verið svo til skamms tíma; verkamenn og fólkid í heild sinni hefir engu komið þar til leiddar sökum þess að aðvaldið hefir tekið að blinda þennan svokallaða milliflokk og hafa hann sín megin.

Þetta er að breytast. Á Rússlandi tóku verkamenn, hermenn og bændur samn höndum gegn óvini sínum aðvaldi og hervaldinu. Á Þýskalandi hefir það sama skeð. Á Englandi hefir milliflokkurinn loksins tekið saman höndum við verkamenn og er það hinn mesti sigur sem frelsismálin hafa unnið þar í landi. Greinilegast kom þetta í ljós í janúar mánuði þegar kosningar fóru fram til þings í St. Albans kjördæmi. Sir Hildred Carille hafði verið þar þingmaður og átti að kjósa í stöðinn hans, en hann hafði verið eindreginn afturhaldsmaður. Chicago Tribune kallar hann afturhaldsmann afturhaldsmannanna. Við síðustu aðalkosningar var hann kosinn gagnsóknarlaus, vegna þess að kjördæmið var talið svo afturhaldssamt að framsókn ætti þar einkis fylgis von, hverjir sem þeir væru. En við aukakosningar var þar útfærður verkamannafulltrúi. Þeir menn söttu; afturhaldsmannafulltrúinn heitir F. E. Freemantle og er herforingi, og hafði hann stuðning samsteypumanna eindreginn. Milner Gray heitir sá sem sötti undir Asquithmannamerkjum, en J. W. Brown undir merkjum verkamanna. Freemantle vann með svo litlum meiri hluta, að tapi var næst; hann fékk 9621 atkvæði en Brown 8908 og Gray 2474. Þetta er á Englandi talið mesta tákna tímanna, sem fyrir hafi komið lengi, sökum þess að kjördæmið hefir verið heili og hjarta afturhaldsins í landinu.

Nú bást þær fréttir í gær, að allir verkamenn á Englandi sem voru í sambandi við Asquithflokkinn, hafi sagt skilið við hann; er það talið víst, að Henderson verkamannaföringi verði næsti forsætisráðherra á Englandi. Flestir stúdentar og fjöldi rithöfundar og mentamanna hefir þegar gengið í lið með verkamönnum á Englandi, og í fyrsta dag lýsti Haldane lávarður því yfir, að verkamannaflokkurinn væri sá eini sem hefði nokkra varanlega framfarabreytingu að bjóða; hann kæmi fram með spánýja skikkju, en hinir flokkarnir með karbættar og margslitnar flíkur, sem enginn hugsandi maður né heilbrigður líti við á þeim stórtíga tímum sem nú staða yfir og bíða mannkynsins.

Bændurnir á Englandi eru að sameina sig verkamönnum og yrdur þar innan örskamms tíma, mynduð sameiginleg stefna þeirra beggja. Hér í Canada stefnir í sömu áttina. Þrátt fyrir eitrið sem úti er látið gegnum leigublöðin; þrátt fyrir tortryggina sem reynt er að ala og viðhalda milli banda og verkamanna, verður haldan af ekki mögulegt að halda þessum tveimur flokkum sundruðum lengur; þeir verða í samvinnu við næstu kosningar og saman á næstu þingum. Bændur og verkamenn hafa þegar flestir látið sér skiljast það, að þeir eiga sameiginlegan óvin sem þeir verða að berjast gegn í sameiningu. Stóru blóðin sem hafa hingað til róið að því öllum árum, að hinar fámennu stéttir skipuðu þingin, hafa nú byrjað árás á verkamenn og bændur fyrir það að vilja koma mönnum að úr sínum fjölmennu stéttum. Á meðan hin fámennu lögmanna og aðmannastétt gat ráðið öllu, þá var ekkert athugað við stéttafulltrúana, en þegar fjölmennustu stéttir landsins hefjast handa og hyggjast að senda sína eigin fulltrúa á þing, þá er það glepi næst.

En slíkt heyrir ekki lengur — eða því er enginn gaurur gefinn: hinn svokallaði milliflokkur sem aðvaldið atlaði að nota sem töl sér til bjargar í hinni pólitísku lífshættu, er ekki lengur til; hann er þegar sameinaður verkamannaflokknum. Næsta stjórni í Canada og Manitoba verður banda- og verkamannastjórn í sameiningu við frjálslynda menn úr öðrum stéttum.

Í vinsemd --en alvöru.

Í síðasta blaði Voraldar birtist grein eftir vin vörn Fríðrik Sveins son með fyrirsögninni: "Leidréttning". Greinin er högværliga skrifuð, eins og vænta mátti úr þeirri átt. Þó finst oss leiðréttning nauðsynleg við "Leidréttninguna". Ekki skal hún samt vera löng: "Rangt er það líka af þér, ritstjóri góður, að telja þá (Unitara) andstaðinga séra F. J. Bergmanns. Sunnarið 1916 höfðu t. d. talsverðar ráðstafningar verið gerðar í þá átt að mynda tús söfnuði ný guðfræðingar og Unitara sameiginlegt kirkjufélag. Í þeim tilgangi var búið til laga frumvarp (af séra F. J. B.) er báðir málspartar kæmu sér saman um." Þannig kemst F. Sveinsson að orði. En megum vér spyrja? var þá nokkur sönnun þess, að vér færum með rangt mál, þegar vér töldum Unitara andstaðinga séra Fríðriks? Voru ekki þjóðverjar og Bandamenn andstaðingar þegar þeir byrjuðu að reyna samvinnu og settir? Annars getum vér, ef á þarf að halda, fært mörg dæmi þess, hvar beiskir andstaðingar séra Fríðriksstefnunnar Unitara voru. Um mæli þeirra sumra (leiðandi manna) hafa verið svo sterk um séra Fríðrik, að Voröld veigar sér við að birta þau. Vinur vor Fr. Sveinsson gefur í skyn, að vér höfum ekki haft hreinlyndi til þess að segja hvorum partinum málaferlin hafi verið að kenna. Þar skjátlast hon-

um. Hafi hann lesið Voröld áður, þá ætti hann að minnast þess, að vér skýrðum greinilega frá því, að minnihlutinn-tók til þeirra úrræða. Vér sáum enga ástæðu til þess að endurtaka það; vér vissum að um það var öllum lesendum blaðs vors kunnugt, þar er því um enga "grautargerð" að ræða.

En fyrst ver minnumst á "grautargerð", sem talað er um í grein vinar vors F. S., langar oss til að minnast á eina "grautar"-tegund sem vér höfum aldrei getað skilið. Það er sameining Unitara og kristinna manna, eða þrenningarmanna. Vér vitum ekki betur en að trúarbrögð manna skiftist yfirleitt í tveir aðaldeildir: Kristna menn og þá sem nefna trúarkenninum kristningar. Hvor flokkurinn fyrir sig skiftist aftur í margar undirdeildir sem greinir á um ýms smærri atriði.

Vor á meðal eru uppi þrjár stefnur í trúarefnum, eins og vér töldum fram í fyrri grein vörri: Kirkjufélagstefnan eða þrönga þrenningarstefnan; Unitara — eða eingyðisstefnan og nýja guðfræðin, eða nýja þrenningarstefnan. Bæði sú fyrsta og síðasttalda trúa á guð föður, guð son og guð heilagan anda; trúa á þrjá guði í einni persónu, af því er dregið orðið þrenning. Gamla stefnan trúir því að Jesús Kristus hafi átt veraldlega móður en engan veraldlegan föður; verið eingetinn; að hann hafi verið guð sjálfur, sem tekið hafi á sig mannsmynd til þess að frelsa mennina frá glötnum; að hann hafi risið upp frá dauðum og stigið líkamlega upp til himins; og að hversu einleglega sem mennirnir trúu á guð, hafi það enga þýðingu nema þeir trúu einnig og aðallega á Krist líka sem sjálfan guð. Þetta er í stuttu máli trú þeirra sem fast halda við gömlu kenninguna og vor á meðal heyra til kirkjufélaginu. Nýja guðfræðin trúir því sama að miklu leyti á rýmri grundvelli, og viðurkennir jafnframt rannsóknarfrelsi í trúarefnum, sem hinir gera ekki.

Unitara, ef vér skiljum þá rétt, trúa alls ekki á Krist sem guð, nema að því leyti að guðsandi og eðli hafi búið í honum á sama hátt og öðrum göðum mönnum, eins og t. d. Sókrates, Robert Ingersoll o.s.frv. hann hafi aðeins verið umbrota og umbótamaður og fullkonnasti maður sem verið þekktur — en þeir neita því, að hann hafi verið sjálfur guð.

Nú skulum vér nefna alla flokkana K, U. og N. Með K. táknum vér kirkjufélagið, með U. Unitara og með N. nýju guðfræðina. Fyrst er hér K. út úr því tekur sig U. og flytur sig alla leið eins og sýnt er á ínummi. K — N — U. Síðan tekur N sig út úr, en fer ekki alla leið til U., heldur staðnæmist á miðri leið, og vér höfum yfirlýsingu þeirra sjálfrar fyrir því, að þeir séu enn þrenningarmenn, trúu á guðdóm Kristis — séu ekki Unitara. Vilji nú N. og U. sameinast, þá er aðeins um þrennt að ræða, annaðhvort verður N. að fara alla leið áfram til U. (verða Unitara) eða U. verður að fara aftur á bak til N., verða þrenningartrúar, eða N. verður að fara nokkug áfram og U. nokkuð aftur á bak og mestast á miðri leið; en af því leiddi að báðir yrðu að verða annaðhvort Unitara eða þrenningartrúar. Hér er engri stefnu haldið fram og á móti engri meit, heldur sýnt glögt og greinilega, hvíllur "grautur" það hlyti að verða, sem um er að ræða, ef Ný-guðfræðingar vilja ekki verða eingyðismenn og Unitara ekki þrenningarmenn, en sameinast samt. Slík afstaða er að voru áliti ómöguleg.

Um þátttöku hinna ýmsu kirkna vor á meðal í almennum málum, höldum vér því fram, sem vér sögðum fyr; að þar er engan mun að ræða. Allir flokkarnir eiga þar ágætis framsóknarmenn og allir sterka afturhaldsmenn. Vér höldum því fram enn, að sá flokkurinn sem frjálslyndu fylgdi í trúmálum, hefði átt að skipa sér einhuga undir frelsismerkidi í hinum veraldlegu málum, en þar hafa þeir, eins margir brugðist, eins og í hinum flokkunum, þótt vinur vor F. S. hafi verið öllum frelsis- og manndómáttum trú frá því fyrsta.

Vér endurtökum það hér, að tilgangur vor er ekki að vekja trúnaðaleilir, heldur birta eins réttar og óhlutdrægir skýringar á málum og óss er frekast unt. Trúardeilur eru af þeim ástæðum óþeppilegar, að hver hefir fullan rétt á sinni trú, hver sem hún er, en þess á að mega vænta, að einlægri trúarinnar sé sýnd í verkom og breytni.

"Afstaða Voraldar í kirkjumálunum"

Grein með þessari fyrirsögn birtist í Voröld 30. jan. 1920. Eg vona ritstjóri góður, að þú reidist mér ekki, þó eg geri fácinar athuga semdir við greinina; mér finst, að hér hafi ekki unnið vel úr efni; að visu þykir mér vænt um, að sem flestir láti skoðun sína í ljós, þó svo að það snerti málið eins og það liggur fyrir, en hvorki bið eg þig né aðra, að vera á mínu máli í kirkjumálum, heldur bið eg um samgírni og hlýhug. Þú átt við, að leiðandi menn kirknanna hafi brugðist köllum sinni. Það mun að mörgu leyti vera satt, en það er afsláðum saga marg endurtekin, og ætti að vera öllum kunn; en þrátt fyrir það, eru enn til og að sjálfsgöðu verða til á komandi tímum, prestar og leikmenn, sem þegar hafa lært og læra framvegis, að ráða bót á þessu, því skulum við trúa. Það er og verður eitt atriði af mörgum á dagskrá frelsisbaráttunnar. Það er engin afsökun fyrir okkur í því að hætta að tilheyra kirkjulegum félagslag. Miklu fremur ættum við að vinna að því, að kirkjulegur félagskapur batnaði, eða með öðrum orðum, að sjá til þess að gert verði við það, sem biðað er; endurbætt það sem er ófullkomið þar, eins og hvar annarsstaðar, en það verður að gerast, með hlýhug og trúlegri samvinnu, við verðum að læra að vera dæmisgóðir menn, áreiðanlegir og orðhelnir, en ekki hafa í hötnum hver við annan; hafa vandaða og vitra kenningu, sem prédika sannan kristindóm; þar þarf engu við að bæta. Með þessu væri trygging fengin fyrir því, að okkur auðnaðist að ala upp kynslóð, sem fær yrði um að leiða störf okkar og stefnu í frelsis og fullkonnunaráttina, þá segist engin kirkjumaður í venjulegum skilningi. Hvað þýðir það? Það þýðir að þú ert á máli kirkjunnar í venjulegum skilningi; sbr. "Sá sem ekki er með mér, hann er á móti mér. En þú segist vera heill og óskiftur þar sem þú ert. Þú segist vera frjálslyndur, og því hefi eg trúað. Blaðið Voröld er frjálslynt blað, og í gegnum það hrópar þú á fólkid að geta sín, alstaðar sé voði á ferð, og nú verði fólkid að standa saman og geta að sér. Þú getir eins kallað til okkar í blöðum og bókum, þó þú værir kirkjumaður, og heyrðist ef til vill ekkert síður; sérstaklega ef þú færir eftir dæmi þess sem best hefir kent með hógverð og mildum ráðleggingum. Hvorki þú né aðrir munt geta alið upp kristilega kynslóð á pólitíska orustuvellinum; kennum fyrst hinum ungu á okkar einka heimilum og í kirkjunum hreina kristni, þá mun þeim verða auðveldara að skilja og höndla pólitísku hliðina á lífinu; við verðum að kosta kapps um að gera þá ungu vitra, á því verður að byrja.

Þú segir: "Ekki er lík séra Fríðriks orðið kalt, hjarta hans tæplega hætt að slá, þegar báðir andstaðingar hans líta kirkjuna

girndaraugum." Þetta er ósanngjarnt og hefir ekkert við að styðjast þegar tekið er tillit til þess, að séra Fr. J. Bergmann sjálfur áleiti, að Ný-guðfræðingar og Unitara getu og ættu að renna saman í kristilegum málum og utan kirkju. Þessi staðhæfing liggur eftir hann og hann var byrjaður að koma því í framkvæmd. Ekki löngu eftir að honum var vísað á dyr með sínar frjálsu trúarskóðanir út og frá íslenska kirkjufélaginu, sbr. fundar gerninginn um áramótin 1909. Að báðir flokkar hafi svívirrt hann og hallmælt honum, þar skal eg það eitt segja, að eg man ekki til að hafa heyrt Unitara hafa sent honum erfiðari sendingu en svo, að hann væri jafnangi þeirra, um það má hver deila sem vill, hvaða meining lá í þessu; eg skil það svo, að báðir væru óþvingaðir í trú og þekkingu. En frá höfuðprestönum í kirkjufélaginu, sem verið hafa fyr og síðar, hefi eg séð rit, sem stefnt er á séra Fríðrik, sem íslenska þjóðin vestan hafs má skammast sín fyrir að skuli sjást á prenti, eftir andlega leiðtoga þjóðarinnar. Og þó þetta sé ljótt, þá er það engu síður lardómsríkt. Þarna var brotin skelin og skrúðið út völdudarhúsinu eða köðlungnum. Af verkunum skuluð þið þekkja þá. Þú munt vera kunnugur þessu og mörgu fleiru, eftir því að dama, hvernig þú lítur á málaferlin; en samt ættir þú að kynna þér betur sögu Tjaldubúarsafnaðar, áður en þú skrifar meira um málin.

Þú segir: "Vér vorum engin sérlegur vinur séra Fr. J. Bergmanns." En þú hefir djúpa virðingu fyrir honum sem gáfumanni. Það er út af fyrir sig. Eg var ekki mikið málkunnugur séra Fr. Bergmann og kom aldrei í hús hans meðan hann lifði en samt tel eg hann í minum litla vínabóp og er þakklátur forsögunni fyrir að mér auðnaðist að kynna honum og hans frjálsu framsóknarstefnu og ber djúpa virðingu fyrir honum og starfi hans og allra síðabótamanna, hvað sem þeir hafa heitið og hvaðan sem þeir voru, en eg viðurkenni engan þeirra sem minn guð, eins og sumir er trúu á Lúther, en vita samt ekki hvað hann var eða fyrir hvað hann var viðurkendir í kristna heiminum; þeir trúu ekki að hann hafi verið síðabótamaður. Þeir hafa skilið hann svo, að þar skyldi staðar numið þar sem hann hætti, eða með öðrum orðum, að hann hafi sagt allan sannleikann. Vér erum Lútherskir og það ætti að duga.

En margir hafa þurft að standa á verði síðan Luther féll frá og margir síðabótamenn hafa verið á ferdinni síðan, og verið öllu sína lífi í sannleiksleit. Sá flokkur hefir þó alla tíð verið lifandi en kristnu börnin; þau eru ætíð hrædd við mikinn sannleik og sannleiksleit. Við höfum allan sannleikann í heilagri ritningu og svo öllum játnungunum. Við eigum biblíuna, og allar játnungarnar getum við fengið lóðar þegar við viljum; en eg trúu, að betri sé ein játnung í hug og hjarta mannsins, heldur en að lifa þar á annara látna og eiga enga sjálfur. Kom þú nú með mér inn í málið svo litla stund, og tak þú eftir hvað þú sér.

Eftir fráfall prestsins, var reynt að snúa huga safnaðarins að sameining við Nordursöfnuðinn, sem við svo köllum, og þá látið í verði vaka, að séra B. B. Jónsson væri bráðum orðinn Ný-guðfræðingur; hvað mikið vantaði, var ekki nefnt (mér hefir dattið í hug alin eða fet). Okkur var sagt, að alt það sem orsakaði skilnað ford um, skyldi verða ústrykjað úr reglugerð kirkjufélagsins, og þetta var gert í þess umboði. En þá fór eins og segir í sögunni, að sumir trúðu, en sumir trúðu ekki, þó að líkindum hefði meiri hluti ráðið því, að þessu skyldi trúa. Þó ótrúlegt væri, skyldi ekki minnst á eignir Tjaldubúarinnar fyr en sameiningin var um garð gengin.

Þá mundu Nordmenn ábyrgjast skuldirnar, eða eitthvað fa þeim. Nú þurfti og ekki að setja upp gleraugu, til þess að sjá, hvað um væri að vera, enda var þessu máli vísað norður og heim aftur, eftir miklar flakjur og þráttir, en það lét lítil virðing og engu þakklæti; svona var kurteisín í þá daga.

Í þann tíma að þetta skeði, ábuð Unitarasöfnuður samvinnu og fíntán þúsund dollars, svo Tjaldubúarsöfnuður gæti borgað allar skuldir og haldið eign og stefnu, sem viðurkend var í kirkjunni. Auk þess bauðst Unfrarsöfnuður til að útvega Ný-guðfræðingsprest frá Ísland innan 6 mánaða, frá þeim degi að tilbúi þeirra yrði tekið.

Hvað segir þú um þetta sem frjáls trúarmaður. Um þetta urðu miklar deilur, en fjöldinn var þakklátur, en sumir mátti ekki hugsa til svona mikils frelsis. Vildu þeir kaupa frelsið dýrara, eða hvað var að? Mér dettur í hug lítill saga, þegar svarti kynflokkurinn heyrði að þrelaslu skyldi lokið. Þá grétu sumir svertingjarnir sáran og margir urðu reidir yfir því, að þeir skyldu verða að frjálsum mönnum; þeir héldu að engir vildu eiga sig eftir það.

Nú koma fram tillögur í söfnuðinum, að hann reyni nú að bjarga sér sjálfur, en þyggja ekki tilbúið Unitara, að öðrum kosti að seglja eignina til skuldalúknings. Nú voru prentuð eyðiblöð og borin út víðsvegar. Þar er ákveðið að stefna séra Fr. Bergmanns verði ráðandi í Tjaldubúarkirkjunni framvegis, eins og hin birtist í raðum og ritum hans, og allir velkomnir. Þetta hefir þú séð áður, því undirskrift þín sannar það. Þessu var ofitill gaurur gefinn. Fjárupphæð ákst ekki nægileg, enda mun þessi tillaga komin fram í þeim eina tilgangi, að draga tímann og þreyta söfnuðinn og tvístra honum, því altaf jukust skuldirnar. Eftir langan tíma, þráttir og deilur, var kallað til safnaðarfunda, og auglýst að öll mál safnaðarins skyldu þá þar til lykta leidd. Var þá samþykkt með tveim þrjúgu atkvæða, að taka tilbúið Unitara; sömuleiðis engu þá nokkrir menn í söfnuðinn með frjálslym vilja, án allra bragða eða hrekkja.

Stuttu eftir þetta, taka sig saman nokkrir menn úr söfnuðinum á sunnudegi, til þess að gerast nú mótsöðumenn meiri hlutans. Kjósa safnaðarnefnd úr sínum hóp, sem stefna hinni löglegu safnaðarnefnd fyrir margvísleg laga brot. Viðurkenna nú ekki lengur Ný-guðfræðisstefnuna og neita kenningum séra Fr. J. Bergmanns, hrukku bara aftur í tímann. H. A. Bergmann tók að sér málið, líklega alveg óundir búinn, enda er hann ekki laus við það enn.

Nú ætla eg ekki að segja þér meira að sinni, nema það, að sameiningar tilraun okkar var ekki viðurkend, þegar safnaðarlögin voru lesin á alla vegu.

Nú vakir það spursmál fyrir mér. Braut ekki minni hlutinn lögin? Tilheyrði minni hlutinn Tjaldubúarsöfnuði? eða tilheyrði hann honum ekki? Eftir þetta ákvæð meiri hlutinn að selja kirkjuna á uppboði, og auðvitað var hverjum frjálst að kaupa hana á opinberu uppboði. Byrjað var að auglýsa kirkjuna í dagblaði, og skyldi selan fara fram 30. janúar 1920. En hvað skeði þá? — Nýr dómur er gefinn út og meiri hlutinn rekin úr söfnuðinum.

Hvað átt þú við, þegar þú segir, að sú upprunalegi söfnuður séra Fríðriks njóti ekki Tjaldubúarkirkjunnar, ef Unitara ná henni? Hvenær eða hvar hefir þeim verið lofað kirkjunni? — Aldrei. Ef þér nú finst að eg ekki skilja málið, og hafi unnið óhreint í því, þá gæðu svo vel og bentu mér á, hvar eg mátti hlutinn hefi farið af réttri leið, að geru það eins og frjáls trúarmanni samir, í bróðrni o. hlýhug, án þess að skerða frelsi vort, andlega eða efnalega.

Vinsamlegast, Wpeg. 3. febr. 1920, G. Magnússon

Athugasemd næst Ritstj.

Skuggablæjan.

1. JANÚAR 1920

Gott og gleðilegt nýhrjón ár, menn og kvinnur! Þessari ósk vil eg í hjartans einlægni beina til landa minna og meðborgara fjárir og nær.

Af því eg er nú orðinn svo gamall, að eg er búinn að setja upp síðari barneskóna, vil eg minnst þess, að eg hefi ekki nokkrú sinni fyrir lífið áramót neitt sviplík þessum síðustu í alvarlegri merkingu, þó að einhverjum kunní máske að finnst, það lýsa óhreytti, sem kallast búskyni, að minnst á einni og annað sem lagt hefir hömlur á framfarabrautir mannfélagsins undanfarna ár, þá þetta er nú samt að gefa það í fámum orðum, af því eg hefi ekki séð neitt þess efnis birtast frá stóttarbraðrum mínum, þó margir þeirra séu mér færir í því efni.

Það eru margir, einkum eldri menn, sem hver áramót er eðlileg að lífa til haka og virða fyrir sér það árið, sem er að kveðja og skilja við mann með öllum sínum endurminningum af ýmsu tagi, og mun eg vera einn í þeirra tölu; vill þá oftast verða fyrst fyrir manni, það sem valdið hefir ýmsum erfiðleikum, jafnvel þó hið gagnstæða hafi verið útlit á miklu stærri máli, er fáum mun sýnast að hafa verið á undanförnum árum.

